



Reykjavík, 20. maí 2021

R21020080

6010

ívs

Umhverfis- og skipulagssvið

Borgartúni 12-14
105 REYKJAVÍK

Hvassaleitisskóli - deiliskipulag

Á fundi borgarráðs þann 20. maí 2021 var lagt fram bréf umhverfis- og skipulagssviðs, dags. 14. maí 2021, sbr. samþykkt skipulags- og samgönguráðs frá 12. maí 2021 á tillögu að breytingu á deiliskipulagi fyrir Hvassaleitisskóla að Stóragerði 11A, ásamt fylgiskjölum.

Borgarráð samþykkti erindið.

Borgarráðsfulltrúar Samfylkingarinnar, Viðreisnar, Pírata og Vinstri grænna lögðu fram svohljóðandi bókun:

Skipulagið er til bóta fyrir skólasamfélagið í heild enda hugmyndirnar komnar þaðan. Athugasemdin um að taka alfarið burt stæðin og nýta einungis stæði í borgarlandi er áhugaverð og rétt að skoða þá hugmynd betur í tengslum við gerð hverfisskipulags fyrir hverfið.

Borgarráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins lögðu fram svohljóðandi bókun:

Breyting á skipulagi er til þess að auka öryggi barna á leið í skólann og til að tryggja öryggi við og bæta leiksvæði á skólalóðinni. Tillagan byggir á hugmyndum aðila skólasamfélagsins sem sátu í undirbúningshópi í hönnunarferlinu. Í honum sátu fulltrúar nemenda, foreldra og starfsfólks. Það var samdóma álit allra aðila að mikilvægt væri að tryggja betur öryggi nemenda með því að færa umferð út af skólalóðinni. Gert er ráð fyrir sérstöku stæði fyrir starfsfólk, svo það þarf ekki að nýta sér stæði í nálægum götum og áfram verður sleppistæði fyrir foreldra sem skutla börnum sínum til skóla. Þegar kemur að deiliskipulagsbreytingum í grónum hverfum er mikilvægt að haft sé samráð við íbúa um breytingarnar.

Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins lagði fram svohljóðandi bókun:

Fulltrúi Flokks fólksins lagði fram tillögu í skipulagsráði um að skipulagsyfirvöld hlusti á íbúa við Brekkugerði og Stóragerði vegna tillögu að breyttu deiliskipulagi fyrir Hvassaleiti og nágrenni. Tillagan var felld með þeim rökum að málið væri afgreitt. Það hefði verið þessum meirihluta að meinalausu að hlusta á samstíga ákall íbúa sem benda á atriði um öryggi barna þeirra. Skipulagsyfirvöld eru í þjónustu borgarbúa en ekki öfugt. Skipulagsmál er ekki einkamál fárra aðila í meirihluta borgarstjórnar eða embættismanna. Enginn veit betur um hættur í hverfum en íbúarnir sjálfir. Fulltrúi Flokks fólksins telur að best hefði farið á því að fresta þessu máli enda hér farið gegn vilja íbúa sem hafa verið samstíga í málinu. Þetta er m.a. spurning um öryggi og öll viljum við að öryggi barna sem eru að koma í og úr skóla sé sem allra mest. Vinna á þetta með íbúum ekki síst þeim sem breytingarnar snerta mest. Aðgerðir þessar eru að ósk skólans en finna hefði átt lausn sem allir hefðu getað sætt sig við.



Helga Björk Laxdal

e.u.